



UMSÓKN UM BYGGINGARLÓÐ

1. Umsækjandi

Nafn umsækjanda	kennitala	Málanúmer.
Guðjón Garðar Sigurðsson	090468-4219	2005002
Heimilisfang	Netfang.	
765 Djúpavogi	gudjon113@gmail.com	

2. Greiðandi

Tilvonandi lóðarhafi / lóðarhafar.	kennitala	Netfang.
Guðjón Garðar Sigurðsson	090468-4219	gudjon113@gmail.com

3. Lóð/jörð

Lóð sem sótt er um	Götunúmer	Landanúmer
Sjá mynd númer 1	sjá mynd	sjá mynd

4. Tegund byggingar.

Einbýlishús Atvinnuhúsnæði Geymsluhúsnæði Parhús Raðhús

Annað Húsið er 65 m2 allar teikningar fylgja með húsinu.

5. Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill að komi fram.

Nánari lýsing á húsnæði. Stein, timbur, stálgrindarhús. Hvenær hefjast framkvæmdir. Áætlaður byggingartími.
Húsið heitir klettur 65 og er að finna hjá landshus.is ég mun taka á mig allan kostnað vegna vatni, fráveitu og veg að húsinu.

27-May-20

Staður og dagsetning

Guðjón Sigurðsson

Undirskrift umsækjanda

Útfyllist af starfsmanni

29.05.2020

Móttekið dags.

Rúnar Matthiassen

Starfsmaður

Djúpavogshreppur

Heimilisfang

Bakki 1
765 Djúpavogur

Sími

470 8700

Bréfsími

478 8188

Netfang

byggingarfulltrui@djupivogur.is

Vefsíða

www.djupivogur.is

Kennitala

570992-2799

Klettur

Nánari upplýsingar um húsin:

GÓLF:

Gólfgrind er úr 45x195 mm grindarefni.
Gólfklæðning er úr nótuðum furuborðum, 21mm.
6mm krossviður ásamt listum og músaneti í botn gólfgrindar

VEGGIR:

Útveggir: Timburgrind útveggja er 45x145 mm, klædd að utan með 12mm rakaþolnum krossvið.
Útveggir eru klæddir að utan með 21mm standandi grenipanel á 21+25 mm legtum. Klæðning er ómeðhöndluð (ómáluð). Hægt er að uppfæra klæðningu í viðhaldsfria lerkklæðningu.

Inniveggir: Timburgrind innveggja er 45x95 mm, klædd með 12mm grenikrossvið á báðum hliðum (önnur hliðin kemur ekki áföst (en tilsníðin) svo að aðgengi fyrir lagnir sé greitt).

Milliloft:

Togbönd mynda gólf millilofts og er það klætt með sama efni og á aðalhæð, þ.e.a.s. með 21mm nótuðum greniborðum sem hægt er að nota sem endanlegt gólfefni. Stigi og handrið fyrir svefnloft er hægt að kaupa aukalega í 3 útfærslum.

ÞAK:

Sperrur eru kraftsperrur gerðar úr 45 x 248mm C24 burðarvið. Þakjalir eru 21mm nótuð borð. Endanlegt þakefni er járn með Siga þakdúk í undirlag – Þakflásingingar ofan á þakkant fylgja ásamt flásingum ofan í þakrennur.

GLUGGAR OG HURÐIR

Gluggar og hurðir eru úr máluðu timbri (hvítt eða grátt) og eru með CE vottun. Hurð er með læsingu frá Assa. Gluggar koma glerjaðir. Hurð kemur glerjuð með hurðapumpu. Badherbergisgluggi er með hefðbundnu sandblásnu gleri. Auka gluggar eru með hefðbundnu gleri. Allar blikkflásingar undir glugga og hurð fylgja ásamt frágangslistum. Hægt er að velja mismunandi útlit á hurðum. Allar opnanir á gluggum og hurðum er farið yfir með kaupanda við pöntun, m.ö.o. kaupandi ákveður (yfirleitt út frá ríkjandi vindátt á staðnum) hvort hann vilji hægri eða vinstri opnun á öllum opnanlegum fögum.

Teikningar:

Staðlaðar aðal-, burðarþols-, og lagnateikningar fyrir Klettahúsin fylgja með og eru afhentar kaupanda við staðfestingu pöntunar á tölvutæku formi (Autocad). Teikningarnar eru af grunnhúsi Kletta sem er 80fm að stærð að grunnfleti ásamt 49fm svfelflofti að grunnfleti (mælt alveg undir súð). Kaupandi sér um endanlega hönnunarvinnu, s.s. staðsetningu húss á lóð, afstöðumynd, breytingar á húsi o.s.fr. í samráði við sinn hönnuð. Kaupandi sér um að útvega hönnuð fyrir verkið. Þóknun fyrir þá hönnun sem eftir er fer eftir umfangi hverju sinni og er samningsatriði milli hönnuðar og kaupanda. Landshús getur bent á hönnuði ef óskað er eftir því.

Hönnun:

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. gildandi byggingarlöggjöf. Húsin uppfylla því að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til húsbýgginga hér á landi.

ANNAÐ:

Rennur og niðurföll fylgja með húsunum.
Allt efni burðarefni hússins er styrkleikaflokkað T1 eða sterkara (C24 er notað) og er CE vottað sbr. kafla VIII í mannvirkjalögum.

Afhending:

Húsin koma ósamsett. Efnið í húsin kemur að hluta í einingum og hluta tilsníðið. Þegar hús hefur verið sett saman uppfyllir það lýsinguna; „Tilbúið að utan, fókelt að innan“. Því til viðbótar eru allir milliveggir sem sýndir eru á staðlaðri teikningu. Þeir koma í einingum að hluta og tilsníðið efni að hluta (grindarefni með áföstum krossvið + laus krossviður til að loka veggjum). Innihurðir fylgja ekki með í grunnpakkanum en hægt er að panta þær með.
Kaupandi sér um grunn/undirstöður og festingar hússins við þær.

Afhending fer fram í Reykjavík (eða Hafnarfirði). Kaupandi sér um flutning þaðan á byggingarstað.

Húsin afhendast í þökkum sem þola léttu rigningu í stuttan tíma.

– **ATH!** Bendum á að geyma pakkningar undir þaki á þurrum og vel loftræstum stað fram að uppsetningu. Glugga og hurðir skal taka úr plasti og geyma einnig á þurrum og vel loftræstum stað. Forðast skal að láta byggingarefnið og hurðir og glugga blotna fyrir og á meðan uppsetningu stendur.

Ætlaður afhendingartími er 12 vikum eftir staðfesta pöntun eða fyrr.

Greiðslufyrirkomulag:

Við staðfestingu er greitt 50%

Við afhendingu er greitt 50%



Mynd 1 umsókn um lóð.

Guðjón Garðar Sigurðsson kt.090468-4219

